



REYKJANESBÆR

Reykjanesbær og stofnanir

Endurskipulagning

Fundur með kröfuhöfum Reykjanesbæjar og stofnana
11. apríl 2016



Ferli endurskipulagningar og
markmið viðræðna

Markmið fjárhagslegrar endurskipulagningar

Reykjanesbær þarf að ná skuldaviðmiði undir 150% fyrir árslok 2022

Markmið:

- A** Endurgreiðsla skulda taki mið af lögboðnu hlutverki sveitarfélagsins til að veita íbúum sveitarfélagsins fullnægjandi þjónustu.
- B** Að ná samkomulagi við kröfuhafa um endurskipulagningu sveitarfélagsins sem fullnægi þeirri lögákveðnu kröfu að sveitarfélagið nái lögbundnu skuldaviðmiði (150%) fyrir árslok 2022 sem þarf að viðhalda til framtíðar.
- C** Að slíkt samkomulag byggi á áreiðanlegum rekstrar-, fjárfestinga- og greiðsluáætlunum RNB og stofnana.


Möguleikar í stöðunni:

- A** Leysa skuldavandann í frjálsum samningum skv. fyrirbyggjandi samkomulagi.
- B** Skipuð verði fjárhaldsstjórn yfir sveitarfélaginu.

Samanburður sveitarfélaga

Skuldaviðmið Reykjanesbæjar töluvert hærra en annarra sveitarfélaga

Skuldaviðmið - samanburður milli sveitarfélaga



- Myndin sýnir að skuldaviðmið Reykjanesbæjar er töluvert hærra en hjá öðrum sveitarfélögum. Hér er því um einstakt tilfelli að ræða.
- Samanburðartölur eru úr samþykktum ársreikningum sveitarfélaga árið 2014 en einnig úr drögum að ársreikningi Reykjanesbæjar fyrir árið 2015.

Ferli endurskipulagningar

Hófst árið 2014 með hagræðingu og aukinni skattheimtu

- Ferli endurskipulagningar hófst árið 2014 með samþykkt bæjarstjórnar Reykjanesbæjar á hagræðingaringu í kostnaði og auknum sköttum á íbúa sem samtals auka árlega framlegð um 900 m.kr.
- Vinna við fjárhagslega endurskipulagningu hófst í ársbyrjun 2015. Eftir yfirferð á samþykktum áætlunum og forsendum þeirra varð ljóst að ekki væri einungis um **greiðsluvanda** að ræða heldur einnig **skuldavanda**, til að sveitarfélagið gæti staðist skilyrði sveitarstjórnarlaga um 150% lögbundið skuldaviðmið fyrir árslok 2022.
- Skuldavandi sveitarfélagsins byggður á samþykkttri fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar frá 15. desember 2015 nemur **8,8 ma.kr.**
- Reykjanesbær er á undanþágu frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um að skila inn áreiðanlegri fjárhagsáætlun sem nær markmiðum laga fyrir árslok 2022.
- Samkomulag náðist þann 5. febrúar 2016 við stærstu kröfuhafa um að skuldavandi sveitarfélagsins næmi um **6.350 m.kr.** Umfang skuldavandans og tillaga að endurskipulagningu var kynnt öðrum kröfuhöfum í kjölfarið.


Samkomulag liggur fyrir um heildarendurskipulagningu

Gert ráð fyrir að allir kröfuhafar samþykki

- Tillaga að endurskipulagningu kynnt fulltrúum kröfuhafa á tímabilinu 22.-29. febrúar.
- Aðgangur opnaður að rafrænu gagnaherbergi fyrir fulltrúa kröfuhafa eftir að skilað hafði verið undirrituðum trúnaðaryfirlýsingum.
- Bréf sent til kröfuhafa 18. og 22. mars, þar sem ferli málsins var nánar rakið, ásamt öðrum atriðum. Í bréfinu var tillaga að vinnuferli kynnt sem og þess getið að það væri skýr vilji forsvarsmanna RNB að leita allra leiða til að ljúka viðræðum um heildarendurskipulagningu á fjárhag sveitarfélagsins fyrir 15. apríl 2016.
- Jafnframt var óskað eftir að kröfuhafar kæmu á framfæri beiðnum um frekari gögn teldu þeir sig þurfa.
- Drög að samkomulagi um heildarendurskipulagningu sett inn í gagnaherbergi þann 6. apríl 2016 og kröfuhöfum tilkynnt að óskað væri eftir að þeir samþykktu samkomulagið fyrir **kl. 17.00, miðvikudaginn 13. apríl 2016.**
- Samkomulag samþykkt í bæjarráði þann 7. apríl og sent hverjum kröfuhafa þann 8. apríl.

Tímalína viðræðuferlis

Samantekt helstu atriða



Samkomulag við innanríkisráðuneytið

Reykjanesbær er í lögbundnu ferli

- Reykjanesbær starfar á grundvelli samkomulags við innanríkisráðherra dags. 15. desember 2015 og gildir til 31. desember 2016. Samkomulagið kemur í stað eldra samkomulags frá 2014.
 - Samkomulagið er gert á grundvelli 83. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
 - **Markmið samkomulagsins eru:**
 - Að stuðla að því að sjálfbærni náist í rekstri Reykjanesbæjar á árinu 2016 í samræmi við 64. gr. sveitarstjórnarlaga.
 - Að stuðla að áframhaldandi markvissri vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu og hagræðingu í rekstri Reykjanesbæjar svo að fjárhagslegum viðmiðum sveitarstjórnarlaga verði náð.
- Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur eftirlit með framkvæmd Reykjanesbæjar á samkomulaginu.
- Samkvæmt samkomulaginu er álag á útsvari Reykjanesbæjar.

Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar og úttekt ráðgjafa

Samstæðan

Uppbygging samstæðu í áætlun RNB fyrir árin 2016-2022

A-hluti

Aðalsjóður

- Hefðbundin starfsemi málaflokka sveitarfélaga

Eignasjóður

- Rekstur og uppbygging fasteigna, gatna, opinna svæða og önnur fjárfesting

Þjónustumiðstöð

- Rekstur áhaldahúss og þjónusta við íbúa

- EFF, Tjarnargata 12 ehf., og Víkingaheimar eru hluti af A-hluta í áætlunum

B-hluti

Reykjaneshöfn

- Starfar á grundvelli hafnarlaga nr. 61/2003

HS Veitur hf.

- Eignarhlutur Reykjanesbæjar 50,1%

Fráveita Reykjanesbæjar

- Stofnun sem á og rekur fráveitu sveitarfélagsins og leigir til aðalsjóðs

Fasteignir Reykjanesbæjar ehf.

- Rekstur félagslegra leiguíbúða í samræmi við VIII. kafla laga um húsnæðismál nr. 44/1998

Nesvellir hjúkrunarheimili

- Eignarhald og rekstur fasteignar með leigusamning til 40 ára við ríkið

Helstu forsendur fjárhagsáætlunar 15. desember 2015

Byggja þarf endurskipulagningu á áreiðanlegri áætlun

Skattahækkanir

- Áætlun gerir ráð fyrir að útsvar og fasteignaskattar verði óbreyttir sbr. nýtt hámark til ársins 2017.

Íbúafjölgun

- Áætlun gerir ráð fyrir 1,0% íbúafjölgun sbr. meðaltal síðustu ára.

Hagræðingaraðgerð

- Áætlun gerir ráð fyrir 508 m.kr. hagræðingu í rekstri. Um er að ræða margar hagræðingaraðgerðir og óvíst hvort allar skili tilætluðum árangri.
- Viðhald er vanáætlað um 200 m.kr. árlega.

Fjárfestingar í leik- og grunnskólum

- Áætlun gerir ráð fyrir uppbyggingu á tveimur leikskólum og einum grunnskóla á tímabilinu 2016 til 2022.

Atvinnuverkefni í Helguvík (Reykjaneshöfn)

- Áætlun Reykjaneshafnar gerir ráð fyrir að bæði kísilver United Silicon og Thorsil fari á fullt framkvæmdastig á tímabilinu og að greidd verði lóðagjöld.
- Tafir hafa einkennt atvinnuuppbyggingu í Helguvík hingað til. Verkefni Thorsil er ófjármagnað, sem og liggur ekki fyrir fjármögnun á nauðsynlegum fjárfestingum til að þjónusta verkefnin. Því er töluverð óvissa í áætlun Reykjaneshafnar.

Krafa á Fjárfestingarsjóðinn ORK (Magma bréf)

- Áætlun gerir ráð fyrir að engar endurheimtur verði gagnvart Fjárfestingarsjóðnum ORK vegna Magma skuldabréfs enda er töluverð óvissa fyrir bæinn um endurheimtur kröfunnar.

HS Veitur - arðgreiðslur

- Áætlun gerir ráð fyrir töluverðum arðgreiðslum frá HS Veitum á tímabilinu 2016-2022. Samtals greiðslur til Reykjaneshafnar eru áætlaðar um 2,1 ma.kr.

Áætlun og spá fyrir A- og B-hluta

Samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum mun bærinn ekki ná markmiðum um skuldaviðmið fyrir árslok 2022

Áætlun og spá fyrir A- og B-hluta

m.kr.	2016 Á	2017 Á	2018 Á	2019 Á	2020 S	2021 S	2022 S
Rekstrartekjur	18.614	18.711	19.663	20.567	21.228	21.896	22.556
Laun og launatengd gjöld	(5.323)	(5.691)	(6.129)	(6.840)	(7.018)	(7.331)	(7.521)
Annar rekstrarkostnaður	(9.386)	(9.373)	(9.613)	(10.009)	(10.271)	(10.569)	(10.846)
Framlegð	3.905	3.647	3.922	3.718	3.939	3.996	4.188
Afskriftir	(1.139)	(1.226)	(1.254)	(1.291)	(1.323)	(1.354)	(1.382)
EBIT	2.766	2.421	2.668	2.427	2.616	2.642	2.806
Handbært fé frá rekstri	2.811	2.407	2.577	2.111	2.338	2.352	2.512
Fjárfestingar	(3.735)	(1.636)	(2.917)	(950)	(1.250)	(950)	(950)
Langtímakröfur, breyting	63	0	0	0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	(3.902)	(1.825)	(1.713)	(2.331)	(2.161)	(2.138)	(2.197)
Hækkun (fjárpörf) handbærs fjár	(4.763)	(1.054)	(2.052)	(1.169)	(1.073)	(736)	(635)
Handbært fé (fjárpörf) í árslok	(2.585)	(3.638)	(5.691)	(6.860)	(7.933)	(8.669)	(9.304)
Skuldir og skuldbindingar	44.262	45.631	48.858	49.266	49.919	50.324	50.600
% Tekjuvöxtur	9,9%	0,5%	5,1%	4,6%	3,2%	3,2%	3,0%
% Framlegð	21,0%	19,5%	19,9%	18,1%	18,6%	18,3%	18,6%
% Skuldahlutfall	238%	244%	248%	240%	235%	230%	224%
% Skuldaviðmið	221%	227%	231%	222%	218%	212%	207%

Úttekt Capacent á áætlunum Reykjanesbæjar

Unnin fyrir kröfuhafa Eignarhaldsfélagsins Fasteign ehf.

- Kröfuhafar Eignarhaldsfélagsins Fasteignar ehf. réðu Capacent ehf. til að framkvæma úttekt á forsendum áætlana Reykjanesbæjar. Vinna Capacent hófst í byrjun október og lauk í febrúar.
- Skýrsla Capacent er aðgengileg í gagnaherbergi kröfuhafa. Hún fjallar um greiningu þeirra á tekju- og gjaldaforsendum, fjárfestingaþörf, greining á eignum osfrv.
- Niðurstaða eftir úttekt og viðræður aðila var að skuldavandi sveitarfélagsins næmi um **6.350 m.kr.** og skuldaþol sveitarfélagsins væri hámarkaðenda með jákvæðum áhrifum á rekstur.
- Eins var niðurstaða viðræðna að kröfuhafar eignuðust kröfu Reykjanesbæjar á FORK vegna Magma bréfs.

Úttekt Capacent á áætlunum Reykjanesbæjar

Helstu niðurstöður

- Helstu niðurstöður eftir úttekt og viðræður aðila:
 - Álag á hámarksútsvar lengt um eitt ár eða til 2018
 - Spá um meðal íbúafjölgun á tímabilinu hækkuð úr 1,0% í 1,6%
 - Fjárfesting og kostnaður vegna skólamála lækkuð
 - Spá um jöfnunarsjóðsframlag aukið
 - Tekið tillit til vantalins viðhaldskostnaðar
 - Tekið tillit til umframstöðu vegna gatnagerðagjalda
- Skilgreindur skuldavandi byggir á að sveitarfélagið sé í stakk búið til að grípa þau tækifæri sem fyrir liggja og hámarka þannig greiðslugetu sveitarfélagsins og möguleika þess til að þjónusta skuldir, þ.e. hámarka skuldapol RNB.
- Óvissa ríkir um getu RNB til að þjónusta skuldir ef farin er þvinguð leið með skipun fjárhaldsstjórnar

Drög að aðlögunaráætlun fyrir A- og B-hluta

Skuldaviðmið 189% í árslok 2022


Aðlögunaráætlun fyrir A- og B-hluta

m.kr.	2016 Á	2017 Á	2018 Á	2019 Á	2020 S	2021 S	2022 S
Rekstrartekjur	18.952	19.364	20.025	20.944	21.761	22.413	22.922
Laun og launatengd gjöld	(5.323)	(5.737)	(6.117)	(6.547)	(6.828)	(7.195)	(7.382)
Annar rekstrarkostnaður	(9.707)	(9.700)	(9.920)	(10.219)	(10.552)	(10.894)	(11.177)
Framlegð	3.922	3.927	3.988	4.177	4.381	4.324	4.363
Afskriftir	(1.139)	(1.224)	(1.237)	(1.270)	(1.316)	(1.351)	(1.379)
EBIT	2.783	2.703	2.751	2.907	3.065	2.972	2.984
Handbært fé frá rekstri	2.842	2.718	2.714	2.754	2.946	2.856	2.905
Fjárfestingar	(3.735)	(1.436)	(1.617)	(1.850)	(1.750)	(900)	(950)
Langtímakröfur, breyting	63	0	0	0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	(4.277)	(1.804)	(1.708)	(2.300)	(2.121)	(2.173)	(2.243)
Hækkun (fjárpörf) handbærs fjár	(5.108)	(522)	(611)	(1.396)	(925)	(216)	(287)
Handbært fé (fjárpörf) í árslok	(2.266)	(2.787)	(3.398)	(4.794)	(5.719)	(5.936)	(6.223)
Skuldir og skuldbindingar	43.858	44.696	46.407	47.058	47.591	47.430	47.301
% Tekjuvöxtur	11,9%	2,2%	3,4%	4,6%	3,9%	3,0%	2,3%
% Framlegð	20,7%	20,3%	19,9%	19,9%	20,1%	19,3%	19,0%
% Skuldahlutfall	231%	231%	232%	225%	219%	212%	206%
% Skuldaviðmið	215%	214%	215%	208%	202%	195%	189%

Samanburður sveitarfélaga

Þrátt fyrir lækkun skulda um 6.350 m.kr. verður verkefnið erfitt

Skuldaviðið - samanburður milli sveitarfélaga



- Myndin sýnir að skuldaviðið Reykjanesbæjar enn töluvert hærra en hjá öðrum sveitarfélögum þrátt fyrir lækkun skulda um 6.350 m.kr.
- Samanburðartölur eru úr samþykktum ársreikngum sveitarfélaga árið 2014 en úr drögum að ársreikningi Reykjanesbæjar fyrir árið 2015.

Krafa á fjárfestingarsjóðinn ORK vegna
Magma skuldabréfs

Krafa á fjárfestingarsjóðinn ORK (FORK)

Tilkomin vegna framsals Magma skuldabréfs á árinu 2012

- Reykjanesbær seldi á árinu 2012 Magma skuldabréf til FORK. Eftirstöðvar kaupverðsins koma til greiðslu á árinu 2017 og ráðast af uppgjöri FORK sjóðsins.
- Fjárhæð eftirstöðva er óvissu háð þar sem skuldabréfið við Magma er tengt álverði auk þess sem það felur í sér rétt til að afhenda bréf í HS Orku í skiptum fyrir lokagreiðslu.
- Samkomulag um endurskipulagningu gerir ráð fyrir að RNB skuldbindi sig til þess að ráðstafa öllum heimtum til fjárhagslegra kröfuhafa í hlutfalli við niðurfærslur krafna þeirra.

Tillaga að fjárhagslegri
endurskipulagningu

Valkostir A og B

Tillaga að fjárhagslegri endurskipulagningu

- Bæjarráð Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum 7. apríl sl. að leggja fram til samþykktar eða synjunar kröfuhafa samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu Reykjanesbæjar og stofnana.
- Samkomulagið byggir meðal annars á:
 - Ákvæðum sveitarstjórnarlaga.
 - Samþykktum fjárhagsáætlunum Reykjanesbæjar.
 - Samkomulagi við Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf. um að umfang skuldavanda sveitarfélagsins sé 6.350 milljónir króna.
 - Samkomulagi við innanríkisráðherra dags. 15. desember sl.
 - Viðræðum við kröfuhafa Reykjanesbæjar og stofnana hans.
 - Samráði við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

Valkostir kröfuhafa

Kröfuhafar standa frammi fyrir tveimur valkostum

Valkostir kröfuhafa Reykjanesbæjar og stofnana eru nú:

Valkostur A

- Að ganga til frjálsra samninga um fjárhagslega endurskipulagningu á grundvelli samkomulagsins.
 - Skýr fjárhagsleg áhrif á alla aðila samkomulagsins.

Valkostur B

- Synjun og sveitarfélagið mun að óbreyttu óska eftir skipan fjárhaldsstjórnar samkvæmt sveitarstjórnarlögum.
 - Óvissa um áhrif á aðila, bæði kröfuhafa og Reykjanesbæjar.

Valkostur A

- Valkostur A felst í samkomulagi því sem lagt hefur verið fram af hálfu Reykjanesbæjar.
- Samkomulagið byggir á frjálsum samningi við kröfuhafa.
- Kröfuhafar og Reykjanesbær ákveða sjálfir hvort þeir samþykki samkomulagið.
- Allir aðilar að samkomulaginu þurfa að samþykkja að gerast aðilar til að það öðlist gildi.
- Meginatriði samkomulagsins felast í niðurfærslu skulda að fjárhæð 6.350 milljónir króna ásamt endurfjármögnun /skilmálabreytingu núverandi skulda sem lokið skal við fyrir 30. júní 2016.
- Með samkomulaginu samþykkja kröfuhafar sem teljast tryggðir samkvæmt aðferðarfræði samkomulagsins að niðurfæra kröfur sínar að hluta, þannig að ótryggðir kröfuhafar afskrifi ekki meira en 50% af skuldum.
- Kröfuhafar Reykjaneshafnar niðurfæra kröfur sínar um 45%.
- Tryggðir niðurfæra kröfur sínar um 24,4%.

Valkostur A

- Aðferðarfræði tillögu samkomulagsins sem fyrir liggur hefur verið borin undir eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.
- Samkomulagið er gert sem liður í því lögbundna ferli sem Reykjanesbær hefur verið í á grundvelli 83.-85. gr. sveitarstjórnarlaga að mati eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.
- Eftirlitsnefnd gerir ekki athugasemdir við þá aðferðarfræði sem samkomulagið byggir á í bréfi 18. mars sl. og tekur fram að:
 - heppilegast væri að Reykjanesbær næði frjálsum samningum við kröfuhafa; og
 - leiða mætti líkum að því að Reykjanesbæ yrði skipuð fjárhaldsstjórn næðist ekki samkomulag við kröfuhafa sveitarfélagsins.
- Forsenda frjálsra samninga er að samþykkt verði aðlöguð fjárhagsáætlun þar sem Reykjanesbær samþykkir að taka á sig aukinn niðurskurð í starfsemi til viðbótar fyrri aðgerðum.
- Eftirlitsnefnd mun hafa sérstakt eftirlit með fjármálum Reykjanesbæjar til ársins 2022 eða þar til skuldaviðmið hefur farið undir 150% þrátt fyrir gerð samkomulagsins.

Valkostur A

Það er mat Reykjanesbæjar:

- að frjálssir samningar séu öllum aðilum hagfelldari en ef að niðurstaðan yrði sú að ljúka þyrfti endurskipulagningu með einhliða nauðasamningi sem lagður yrði fram af fjárhaldsstjórn.
- að skuldavandi sé lægri í valkosti A en ellegar, þ.e. hámarka skuldaþol RNB.
- að aðilar hafi aukið forræði á efnistöfum samkomulagsins í frjálsum samningum.
- að ferli frjálssra samninga taki verulega skemmri tíma í framkvæmd og minnki óvissu um stöðu kröfuhafa og sveitarfélagsins.
- að minni líkur séu á að fjárfestingartækifæri og verkefni í sveitarfélaginu fari forgörðum sem styrkir stöðu Reykjanesbæjar sem skuldara til skemmri og lengri tíma litið.

Valkostur B

Skipun fjárhaldsstjórnar skv. ákvæði 86. gr. sveitarstjórnarlaga:

- Fjárforræði flyst í hendur fjárhaldsstjórnar.
- Forræði Reykjanesbæjar og kröfuhafa takmarkast af ákvæðum laganna.
- Sjálfvirk greiðslustöðvun í eitt ár frá skipun.
- Óheimilt er að gera aðför í eignum sveitarfélags sem notaðar eru í lögbundinni starfsemi.
- Heimilt að selja aðrar eignir sem ekki eru notaðar til að sinna lögbundinni starfsemi.
- Aðeins má greiða úr sveitarsjóði vegna:
 - Lögbundinna verkefna
 - Launa og tengdra greiðslna
 - Aðgerða sem eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir verulegt tjón

Valkostur B

- Fjárhaldsstjórn ber að sjá til þess að endanleg lausn um fjármál sveitarfélagsins náist með þeim úrræðum sem ákvæði sveitarstjórnarlaga kveða á um.

Nauðasamningur:

- Fjárhaldsstjórn getur lagt fram einhliða nauðasamning fyrir héraðsdóm sem ekki eru greidd atkvæði um af kröfuhöfum.
- Nauðasamningur tekur til svokallaðra samningskrafna sem eru almennar ótryggðar kröfur svo og ábyrgðir sem hafa stofnast (þótt þær gjaldfalli eftir að nauðasamningur kemst á):
 - Tekur m.a. ekki til krafna sem njóta tryggingarréttinda.
- Með nauðasamningi er unnt að niðurfæra samningskröfur að hluta eða heild.
 - Þeir kröfuhafar sem njóta tryggingarréttinda geta aðeins gengið að undirliggjandi eignum eftir að nauðasamningur kemst á og ekki er unnt að ganga að skuldara fyrir eftirstöðum.

Valkostur B

Nauðasamningur

- Aldrei hefur reynt á að einhliða nauðasamningur hafi verið gerður af sveitarfélagi samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga þótt sveitarfélögum hafi verið skipuð fjárhaldsstjórn.
- Kröfuhafar og sveitarfélagið hafa verulega takmarkað forræði ef til nauðasamnings kemur.
- Fjárhaldsstjórn er markaður lögákveðinn rammi sem og að henni ber að koma fjárhag sveitarfélags aftur á réttan kjöl.

Valkostur B

Það er mat Reykjanesbæjar að:

- Óvissa sé um framkvæmd í fjárhaldsstjórnarleið sem og forræði aðila sé takmarkaðra.
- Fjárhaldsstjórnarleið sé fyrirsjáanlega tímafrekari sem og að líkur standa til að hún hamli frekari utanaðkomandi fjárfestingum og uppbyggingu í sveitarfélaginu.
- Líkur standi til að undir fjárhaldsstjórn aukist skuldavandi sveitarfélagsins með glötuðum fjárfestingum og tekjum sem kallar aftur á auknar niðurfærslur skulda.
- Komi til nauðasamninga sé ljóst að ótryggðar kröfur (þ.m.t. ábyrgðir) muni verða afskrifaðar að fullu.
- Jafnframt muni skuldavandi sveitarfélagsins verða meiri en í valkosti A sem leiðir aftur til þess að tryggðir kröfuhafar þurfi að sæta hærri niðurfærslu.

Samanburður á valkostum A og B

Samantekt

Valkostir A og B

Valkostur A

- Frjálsir samningar sem aðilar hafa forræði á.
- Allir kröfuhafar þurfa að samþykkja til að samkomulag komist á.
- Tekur mun skemmri tíma að ljúka við.
- Minni líkur á glötuðum tækifærum í rekstri sveitarfélagsins
- Lægri niðurfærsla en í valkosti B.
- Heildstæð endurskipulagning.
- Áframhaldandi eftirlit með fjármálum sveitarfélagsins til ársloka 2022.

Valkostur B

- Takmörkuð reynsla af framkvæmd endurskipulagninga undir fjárhaldsstjórn.
- Greiðslustöðvun í eitt ár.
- Nauðasamningur lagður á einhliða.
- Forræði kröfuhafa verulega takmarkaðra.
- Líkur á að tækifæri glatist í rekstri sem og að tekjur rýrni sem eykur skuldavanda frekar.
- Ótryggðir kröfuhafar tapa kröfum sínum að fullu.
- Tryggðir þurfi að afskrifa meira.

Samþykkt bæjarráðs

Samþykkt bæjarráðs

- Bæjarráð Reykjanesbæjar samþykkti 7. apríl sl. að skjalfesta samkomulag um endurskipulagningu Reykjanesbæjar og stofnana og bera það undir kröfuhafa til samþykkis eða synjunar með eftirfarandi fyrirvörum:
 - 1) Allir fjárhagslegir kröfuhafar undirriti samkomulagið.
 - 2) Að bæjarstjórn samþykki aðlagaða fjárhagsáætlun sem liggur til grundvallar samkomulaginu.
 - 3) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga samþykki aðlagaða fjárhagsáætlun samkvæmt lið 2.
 - 4) Samningum um endurfjármögnun skulda og skuldbindinga og/eða skilmálabreytingum verði lokið fyrir 30. júní 2016.
- Bæjarráð samþykkti einnig að kæmi til þess að samkomulag næðist ekki við fjárhagslega kröfuhafa til samræmis við framangreint fyrir 15. apríl nk. verði óskað eftir því að sveitarfélaginu verði skipuð fjárhaldsstjórn skv. 86. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
- Endanlegt samþykki þarf frá bæjarstjórn Reykjanesbæjar.



REYKJANESBÆR

reykjanebaer.is